



## Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2015

### Umsögn um frumvarp til laga um haf- og vatnarannsóknir, 391. mál (392. mál)

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um tvö frumvörp, annarsvegar frumvarp til laga um haf- og vatnarannsóknir, 391. mál og hinsvegar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknarstofnunar og Veiðimálastofnunar, 392. mál.

Það er mat samtakanna að með því að sameina Hafrannsóknarstofnun og Veiðimálastofnun í eina stofnun sé verið að skapa tækifæri til að efla hafrannsóknir og rannsóknartengda starfsemi tengda sjávarútvegi.

#### *Um mikilvægi hafrannsóknna*

Hallað hefur undan fæti um langt árabil í hafrannsóknnum á Íslandsmiðum. Þetta kemur ekki síst til af því að þörfin á að sinna nýjum verkefnum hefur vaxið hratt í meira en áratug. Hafrannsóknir eru kostnaðarsamar vegna þess hversu dýrt er að halda rannsóknaskipum á sjó. Á undanförunum árum hefur rannsóknaskipum fækkað og nýting þeirra minnkað og því eru þau nú mun færri daga á sjó á ári hverju en áður var. Þessi staða mála birtist með skýrum hætti síðla sumars 2014 með því að ekki var til fé til nauðsynlegrar bergmálsmælingar loðnu í september 2014. Ríkisstjórnin veitti á lokametrunum fé til loðnumælinga og ber að fagna því, enda margra milljarða verðmæti í húfi.

Öflugar hafrannsóknir eru í vaxandi mæli forsenda sjálfbærrar verðmætasköpunar í sjávarútvegi. Vaxandi þörf á hafrannsóknnum stafar ekki síst af því að ný verkefni hafa orðið nauðsynleg. Hér ber fyrst að nefna bergmálsmælingar uppsjávarfiska. Loðnumælingar urðu erfiðari og kostnaðarsamari snemma á öldinni þegar útbreiðsla loðnunnar færðist norðar. Mælingar á síld, kolmunna og makríl urðu auk þess æ mikilvægari og



umfangsmeiri eftir því sem þessar tegundir gengu í auknum mæli inn á íslenskt hafsvæði. Slíkar mælingar kalla á fleiri úthaldsdaga rannsóknaskipa. Með tilkomu nýrra verkefna jókst krafan um skilvirkni og forgangsriðun rannsókna. Auðvitað er jákvætt að huga að forgangsriðun verkefna, en því miður hefur verið gengið of langt á þeirri braut og fyrir löngu verið skorið inn að beini. Nauðsynleg verkefni í hafrannsóknum eru nú mun fleiri og stærri en þau sem sinnt var við lok síðustu aldar.

Dæmi um vandann sem hefur skapast eru m.a. eftirfarandi:

- Rannsóknum á helstu nytjastofnum eru settar þröngar skorður. Þessar rannsóknir eru forsenda ábyrgar nýtingar fiskistofna og aflaregla.
- Beinum rannsóknum og mælingum á minni fiskistofnum - svo sem skarkola, sandkola, langlúru, þykkvalúru, löngu, keilu, skötusel og fleiri tegundum - er ekki sinnt að neinu marki og því skilar nýting þessara stofna ekki þeim afrakstri sem hún ætti að gera þar sem ýmist er veitt of lítið eða of mikið. Staðið hefur til að bæta úr þessu í meira en áratug en aldrei skapast svigrúm til þess.
- Takmarkaðar rannsóknir eru stundaðar á fæðuvef í hafinu.
- Kortlagning hafsbots landgrunnsins og útbreiðslu samfélaga og búsvæða botnsins gengur of hægt.
- Til viðbótar er vaxandi þörf á að eiga svör við spurningum erlendra kaupenda sjávarafurða er varða áhrif fiskveiða á lífríkið almennt. Er þá m.a. spurt um áhrif á sjófugla, áhrif á viðkvæm búsvæði á hafsbotni, áhrif á stofna fiska sem kunna að þurfa frekari verndar við og fleira. Spurningum af þessu tagi fjölgar og því er afar mikilvægt að sinna þessu vel.

Hafrannsóknir eru nauðsynleg undirstaða verðmætasköpunar í sjávarútvegi, sem má ekki breyta. Það er brýnt að stjórnvöld bæti hér úr og nýti tækifæri við sameiningu þessara stofnana með þeim hætti að forsendur verðmætasköpunar í sjávarútvegi verði treystar. Sameining þessara stofnana dugur ekki ein og sér, heldur verða að koma til auknar fjárveitingar til hafrannsókna.

*Athugasemdir við frumvarp, þskj. 529, 391. mál*

Í 1. gr. frumvarpsins ber að gæta samræmis í skjalinu og greinargerð, að tilgreina í lok setningarinnar, að ný stofnun heyri undir þann ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til skipan níu manna ráðgjafarnefndar. Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðuneytis um langtímastefnumótun starfseminnar og vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni.

Það er mikilvægt að tryggj sé að ráðgjafarnefndin hafi formlega aðkomu að starfsemi stofnunarinnar, en það sé ekki aðeins á valdi formanns nefndarinnar að




boða nefndina til fundar hverju sinni. Einnig er rétt að nefndin taki fyrir gjaldskrárbreytingar, sem og fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefndin er í stærra lagi og væri því æskilegt að fækka í nefndinni og tryggja þess í stað betur samstarf við aðila á grundvelli 6. gr. frumvarpsins. Það verður ekki horft framhjá því að Hafrannsóknarstofnun er stærri aðilinn við þessa sameiningu og nauðsynlegt að skipan nefndarinnar taki mið af því.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að stofnunin afli sér sértekna með þjónustugjöldum. Mikilvægt er að þessi gjöld taki ekki til almennra samskipta og upplýsingagjöf við hagsmunasamtök.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.  
fh. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

